



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 2 – 11.01.2023

2. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í fundarherbergi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í Aratungu, miðvikudaginn 11. janúar 2023 kl. 11:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Byggðarþróunarfulltrúi.

Inn á fundinn komu Ásborg Arnþórsdóttir, Bjarni Guðmundsson og Þórður Freyr Sigurðsson og rætt var um byggðarþróunarfulltrúa starfið.

2. Hnitsetninga jarðarinnar Laugarás.

Á fundi oddvitanefndarinnar þann 3. mars 2022 var ákveðið að hnitsetja jörðina Laugarás. Inn fundinn kom í fjarfundi Friðþór Sófus Sigurmundsson hjá EFLU sem hefur verið að vinna að málinu og fór yfir lóðarblaðið sem er á lokametrunum.

Formanni falið að skila lóðarblaðinu inn til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita þegar lokaskjal liggur fyrir.

3. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás.

Fyrir liggur að samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás er til loka árs 2022. Farið yfir nokkur atriði tengt samningnum og formanni falið að vinna málið áfram.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:45.